

NAUÐSYN NÝALSSTEFNUNNAR

„Living Philosophies“ heitir bók sem ég hefi eignast nú fyrir skemmstu, og að vísu heldur seint til fullkominna nota í þessu riti. Er þetta safn af ritgerðum þar sem ýmsir af fremstu menntamönnum vorra tíma, segja frá lífsskoðun sinni, og er lestur bókarinnar fyrirtaks hjálp til að skilja, hver nauðsyn er á hinni nýju stefnu, sem gefin er í skyn með nafninu Nýall. Sá sem fyrstur tekur þarna til máls er Albert Einstein. Þessi frægasti vísindamaður samtíðarinnar segist ekki geta trúað á guð sem refsí eða umbuni verum sem hann hafi sjálfur skapað, og heldur ekki á líf eftir dauðann, þó að kjarklitlar sálir ali með sér slíkar hugsanir, af hræðslu og eigingirni.

Öllu fróðlegri þykir mér grein Bertrand Russells, en einnig hann er heimsfrægur maður sem stærðfræðingur og heim-spekingur. Þegar hann var 11 ára sagði kennari hans við hann: „Ég kenni í brjósti um þig ef þú trúir á Darwinskenn-inguna, því að það er ekki hægt að trúa á Darwin og vera þó kristinn.“ Var sveinninn Russel nú trúður um tíma, en þó fór svo, að hann hafnaði alveg kristinni trú, og segir hann að sér hafi liðið miklu betur eftir en áður. Hann telur að þær umbætur, sem orðið hafa á högum mannkynsins séu fyrst og fremst aukinni þekkingu að þakka, og að slíkt framhald geti þar orðið að lífið hér á jörðu verði viðunandi.

Söguskáldið Theodore Dreiser segir: „Gagnvart dauðan-um stöndum vér án þess að fá eitt sannleiksorð, hvorki frá vísindum eða trúarbrögðum“; og hann kveðst ekki einu sinni geta látið sér til hugar koma, að æskilegt framhald geti orðið af honum eins og hann er hér á jörðu, og þess vegna æskir hann einskis framhalds.

Trúarjátning H. G. Wells er þessi: „Það er hið fjarsta mér að trúa því, að annaðhvort líkami eða persónuleiki H. G. Wells sé ódauðlegur.“

Sir James Jeans, hinn frægi stjörnufræðingur, segir margt gott. Hann lítur svo á, að menningin sé rétt að hefjast, en framundan séu milljónir ára. Hann talar um hversu stórkostleg áhrif aukin þekking á hinni líflausu náttúru hafi haft til umbóta á högum mannkynsins, og bætir því við, að ef til vill muni tilsvareandi stórkostlegar framfarir í líffræði geta orðið á næstu öld, og sá þekkingarauki valdið gerbreytingum á mannfélaginu. Hefir hinn mikli stjörnufræðingur þar spaklega til getið, en þó gætu slíkar framfarir orðið þegar á þessari öld. Hann minnst á spíritisma og sálar-rannsóknir, og telur — ranglega — sannanir þær, sem fram hafa verið færðar fyrir lífi eftir dauðann alveg ófullnægjandi og jafnvel hlægilegar. „Ef vísindin eiga að nálgast það, er færi oss þekkingu á hinum ósýnilega heimi“ — segir Jeans — „þá verður það að gerast á allt annan hátt.“ Og er að vísu nokkuð til í því, en ekki virðist hinn stjörnufróði maður renna grun í, að stjörnufræðin muni þar koma til greina. Ég hleyp alveg yfir bókmenntafræðinginn Irwin Babbitt, og er þá næstur hinn heimsfrægi líkams- og mannleifafræðingur Sir Arthur Keith. Er sá kafli fróðlegur. Keith er Skoti og hafði í æsku sömu trú og fólkið í sveitinni hans. Hann fór til kirkju tvisvar á hverjum sunnudegi, og trúði því hiklaust, að hann mundi bjargast annars heims, ef hann tryði því, sem Nýjateamentið segir um Jesús. Hann var sannfærður um að Himnaríki væri einhversstaðar uppi í skýjunum, en sílogandi helvíti innaní jörðinni, og mun þetta hafa verið trú fólksins þar í dalnum, sem fór til kirkju tvisvar á hverjum sunnudegi. Honum var sagt, að ekki þyrfti annars en að trúa, en þó að hann tryði, þá tókst honum ekki að „finna Krist“. Og þegar hann kom á háskólann, þar sem hann stundaði læknisfræði, þá fór fyrir honum eins og Bertrand Russell, hann tapaði alveg trúnni. Hann kveðst nú sannfærður um — eins og Winwood Reade, sem ég hefi sagt nokkuð af í Framnýal — að einstaklingurinn eigi ekki fyrir

höndum að lifa eftir dauðann. Hann langar til að vita, hvernig lífið hefir orðið til, hvers vegna það hefir náð hámarki í mannum — sem það hefir nú raunar ekki gert — og hver sé tilgangurinn með því, að mannkynið hefir orðið til. En hann hefir ekki fengið þessum spurningum svarað.

Sagnfræðingurinn Adams telur það hreint og beint rugl, ef sagt er að mennirnir geti hagað sér samkvæmt vísindalegum reglum — eða m. ö. o., að um vísindalega sið- eða líf-ernisfræði geti verið að ræða, — og þar sem hann tekur kenningu Freuds til dæmis, verð ég að vera honum sammála. En hitt er ekki vafamál, að hegðunar- eða líf-ernisfræði getur ekki orðið viðunandi fyrr en hin nauðsynlega þekkingarundirstaða er fundin. Ástæðan til þess að menn ganga ekki viljandi fram af hömrum, er sú að þeir vita, að ef þeir gerðu það, mundu þeir hljóta meiðsl eða bana. Og svo gæti orðið um alla aðra breytni, ef þekking væri nóg.

H. L. Mencken, einn af kunnustu ritdómendum vestanhafs, kveðst ekki vita hvort til sé líf eftir dauðann, en vonar, að það sé ekki. Hann lítur svo á sem trúarbrögðin hafi yfirleitt verið mannkyninu til bölvunar. Er margt eftirtektarvert í ritgerð Menckens, þó að ekki verði það hér rakið.

Mjög greindarleg og vel samin er ritgerð skáldkonunnar Júlíu Peterkin, þó að hún klykki út með því að segja, að það sé sér huggun að trúa því, að reykjarhringir frá vindlingi séu engu síður hluti hins mikla alheims en hringir Satúrn.

G. J. Nathan, einkar pennafær ritgyðingur, sem virðist lifa við mjög góða líðan, telur það villimennsku að trúa á líf eftir dauðann. „Því farsælli sem maðurinn er“ — segir hann — „því fjær er hann guði.“

Langur þáttur er þarna eftir kínverskan heimspeking, Hu Shih, sem varð kristinn, en komst síðan á þá skoðun, að engin þörf sé á skapara, og að vér eigum að átta oss á því sem vísindalegum sannindum, að einstaklingurinn eigi sér enga framtíð eftir dauðann. Mér þykir dálítið gaman að sjá þarna getið um kínverskan jarðfræðing, W. K. Ting, sem ritað hafði grein með fyrirsögninni „Vísindin og lífskoðun vor“. Þótti grein þessi mjög eftirtektarverð og var mikið um

hana ritað, en Hu Shih safnaði því öllu og samdi 10.000 orða formála fyrir, með titlinum „Frumdrættir að nýrri skoðun á alheimi og lífi“. Hu Shih vitnar þar í þá stórmerkilegu kenningu Leibniz — en hann var einn af mestu vitringum seinni alda (1645—1715) — að hver og einn sé í nokkru sambandi við allt sem er og hrærist, og að sá sem alvitur væri, gæti lesið út úr einum einstaklingi allt, sem gerist í alheimi. Sambandskenning þessi er ekki án alls skyldleika við Hyperzóismann, þessa undirstöðuskoðun, sem svo mikil nauðsyn er á, að stefna verði til alsamstillingar allra afla alheimsins undir forustu lífsins.

J. W. Krutch, nafnfrægur ritstjóri og rithöfundur, telur mjög ólíklegt, að aukning vísindalegrar þekkingar muni nokkur tíma geta leitt til sigurs á þeim aðalvanda, sem er á leið mannlífsins.

Einn af best rituðu köflum safns þessa er eftir Irwin Edman, prófessor í heimspeki. Edman segir: „Vitið er von heimsins. Það er víst, að um enga aðra von getur verið að ræða. Ég get ekki gert mér von um hjálp frá neinu, sem er eins erfitt að skilgreina og Guð, og harma ekki, að það er mér ómögulegt.“ Vel þykir mér það sagt, að aukin greind mundi leiða til aukinnar velvildar manna á milli. „Ég veit, að ég get ekki lifað ávallt“ — segir Edman — „og ég held ekki að lífið yfirleitt og heimurinn yfirleitt hafi neinn tilgang. Dauðinn er nafn vort á þeim úrslitaósigri náttúrunnar, sem aldrei verður ráðin bót á. Það getur vel verið“ — segir Edman enn fremur — „að það, sem nú er að gerast, sé hnignun vestrænnar menningar,“ og honum þykir jafnvel ekki ólíklegt, að þessi vestræna menning vor muni líða undir lok í heimsstyrjöld, sem ennþá ógurlegri verði en sú, sem síðast geisaði. Er þetta því eftirtektarverðara, sem greinin er rituð áður en ófriður þessi hófst, sem nú er.

Þá kemur trúaður katólskur maður, Hilaire Belloc, sem, ef ég man rétt, hefir átt í ritdeilum við H. G. Wells. Belloc lítur svo á, að katólska kirkjan gefi fullnægjandi svör við öllum þeim spurningum sem oss ríður mest á að fá svarað, en telur stefnu tímans, „hina nýju heiðni“, svo andstæða

katólskunni, að ægilegur árekstur sé óumflýjanlegur og yfirvofandi. Verður ekki annað sagt en að höfundur þessi hafi sannspár verið, þar sem grein hans er skrifuð skömmu áður en Hitler komst til valda og hóf árás sína á katólsku kirkjunna.

II

Einnig það sem dáendur trúarbragðanna eins og Hilaire Belloc, og Beatrice Webb — sem vitnar í hinn fræga stærðfræðing og heimspeking próf. Whitehead — hafa lagt til safns þessa sem ég hefi nú sagt nokkuð af, ber þess ljósan vott hversu fjarri er verið hinum nauðsynlega undirstöðuskilningi, og hve mikil þörfin er á þessum undirstöðuhugsunum, sem ég hefi verið að leitast við að koma fyrir almennings sjónir, eftir að mér fór að verða ljóst hver nauðsyn er á stefnubreytingu, og á hvern hátt hún gæti orðið.

Vér verðum að skilja, að á einhverju stigi kemur furðulega mikil og merkileg tilraun hins skapandi máttar fram sem líf, og að tilgangur lífsins er að þroskast svo, að það geti sjálft á sífellt fullkomnari hátt orðið skapandi. Tilgangur alheimsins er hin fullkomna samstilling við hinn æðsta mátt. Vér verðum, hér á jörðu, að átta oss á afstöðu vorri í alheimi, eigi einungis stjörnufræðilega heldur einnig líffræðilega. Það er: vér verðum að færa líffræðina út til stjarnanna. Með tilstyrk þeirrar þekkingar mun oss auðnast að ná hinu nauðsynlega sambandi við fullkomnari verur annarsstaðar í alheimi. Vér verðum að skilja hvernig lífið hér á jörðu er tilraun á ystu takmörkum möguleika vitlífs, og að sú tilraun getur ekki tekist, ef ekki fæst þekkingarsamband við fullkomnari hluta vitheims. Aðalmeinarót mannlífsins hér á jörðu er það, hversu allt sem miðaði að því að þessi skilningur gæti áunnist, hefir átt erfitt uppdráttar. Og nú eru síðustu forvöð. Hin nauðsynlegustu undirstöðusannindi eru fundin. En mun það takast, að fá mannkynið til að veita þeim eftirtekt og þiggja þau? Líkurnar virðast ekki miklar, eins og ráða má af því sem hér á undan er sagt af heims- og lífsskoðun nokkurra hinna frægustu vísindamanna, skálda og ann-

arra andans manna samtíðarinnar. En þó er það ekki annað en skortur á vísindamennsku, að láta sér ekki skiljast, að lífið hér á jörðu er aðeins fyrsta tilraun til að sigrast á erfiðleikum. Það þarf að verða og það getur orðið að vísindalegri þekkingu, eigi einungis að lífið heldur áfram þrátt fyrir dauða — eins og spíritistar segja sig hafa fundið sannanir fyrir — heldur einnig, að það heldur áfram sem líkamlegt líf á öðrum jarðstjörnum þessa furðulega mikla heims. Því að meðan sú þekking er ekki fengin, þá er, eins og reynsla árbúsunda sýnir svo glögglega, allt í lausu lofti og ekki framfara von. En þó að vér Íslendingar séum aðeins fáir og smáir, þá mundi það duga þessu máli til sigurs, ef vér gætum orðið samtaka um þau sannindi sem mestu varða — jafnvel þó að þau hafi fyrst verið fundin hér á Íslandi.